

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

### Dómsorð:

Stefndi, Stjórnarnefnd ríkisspítalanna, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur, kr. 6.163.20 með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. marz 1967.

Nr. 6/1966.

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h.**

**Póstmannafélags Íslands**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

#### Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Skorið úr ágreiningi um yfirvinnu póstmanna samkvæmt úrskurði Kjaradóms.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. des. f. á., af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Póstmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að póstmönnum, þ. e. félögum í Póstmannafélagi Íslands, sé skylt að vinna yfirvinnu í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38 frá 14. apríl 1954, sbr. 9. gr. reglna um vinnutíma ríkisstarfsmanna o. fl. í dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóv. 1965.

Jafnframt krefst stefnandi þess, að stöðvun póstmanna í Reykjavík á allri yfirvinnu fram yfir 5 klst. á mánuði, sem til framkvæmda kom dagana 28.—30. nóvember og dagana 8.—22. desember 1966, verði dæmd ólögmat.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Ágreiningsefni máls þessa er það, hvornig skilja beri ákvæði 9. gr. í dómi Kjaradóms frá 30. nóv. 1965, sem fjallar um yfirvinnu, þ. á m. um yfirvinnu póstmanna, og er mál þetta dæmt af Félagsdómi samkvæmt 25. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 55/1962.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 26. nóvember f. á., tilkynnti stjórn Póstmannafélags Íslands póst- og símamálastjóra, að félagið hefði hinn 25. s. m. samþykkt að stöðva yfirvinnu félagsmanna sinna eftir að lokið væri mánaðarlegri 5 klst. yfirvinnu og skýrði jafnframt frá því, að póstmenn mundu ekki vinna yfirvinnu dagana 28.—30. sama mánaðar. Þessu svaraði póst- og símamálastjóri hinn 28. nóv. á þá leið, að hann liti svo á, að póstmönnum væri skylt að vinna yfirvinnu samkvæmt ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954, sem gilt hefðu, er dómur Kjaradóms frá 3. júlí 1963 var kveðinn upp. Stjórn Póstmannafélags Íslands hélt fast við nefnda ákvörðun og unnu póstmenn í Reykjavík ekki yfirvinnu dagana 28.—30. nóvember og 8.—22. desember f. á.

Þessa ákvörðun sína byggði Póstmannafélag Íslands á ákvæðum reglugerðar nr. 137/1945 um starfstíma og starf póstmanna á póststofunni í Reykjavík, en í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar, sem sett var samkvæmt 40. gr. laga nr. 60/1945 um laun starfsmanna ríkisins, segir svo:

„Þó mega póstmenn ekki hætta að vinna að kvöldi fyrr en lokið er afgreiðslu farandi póst, en slík eftirvinna má þó eigi fara fram úr 5 klst. á mann á mánuði nema þá með samkomulagi“.

Þetta reglugerðarákvæði telur stefndi að hafi verið í gildi þar til Kjaradómur tók upp í dóm sinn frá 3. júlí 1963 ákvæði það um yfirvinnu póstmanna, sem greinir í niðurlagi 9. gr.

nefnds dóms, sem fjallar um yfirvinnu starfsmanna ríkisins, en þar segir:

„Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því sem verið hefur“.

Heldur stefndi því fram, að áðurnefnd ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 séu þær reglur, sem við sé miðað í umræddu ákvæði dóms Kjaradóms. Visar hann því til stuðnings í greinargerð sóknaraðilja, BSRB, fyrir Kjaradómi árið 1963, en þar segi svo:

„... Í samræmi við þá viðteknu venju eða hefð, að kjör starfsmanna séu í engu skert frá því sem gildir, er gerð sú krafa, að yfirvinnuskylda póstmanna haldist óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 137 frá 1945 ...“.

Þessi skoðun hafi og fengið staðfestingu í greinargerð varnaraðilja, þ. e. fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, fyrir sama dómi í sama máli, því þar segi svo um þetta atriði:

„... Um yfirvinnuskyldu póstmanna gildir rgj. nr. 137/1945 ...“.

Hafi regla þessi svo enn fengið staðfestingu í lokaákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og aftur í 9. gr. dóms hans frá 30. nóvember 1965, er haldið hafi óbreyttu orðalagi dómsins frá 1963 um yfirvinnuskyldu póstmanna.

Þennan skilning stefnda telur stefnandi rangan. Byggir hann þá afstöðu sína á því, að með ákvæðum 31. gr. laga nr. 38 frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi verið settar nýjar almennar reglur um yfirvinnu starfsmanna ríkisins, og þá einnig póstmanna, sem numið hafi úr gildi eldri reglur um þetta efni, enda sé það beint tekið fram í 37. gr. nefndra laga, að úr gildi skuli falla þær reglur, sem brjóti í bág við ákvæði laganna. Í nefndri 31. gr. sé skýlaust kveðið á um það, að starfsmönnum ríkisins sé skylt að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmenn þeirra telja nauðsynlega, þó eigi meiri en nemi þriðjungi vikulegs vinnutíma. Sú hafi líka orðið reyndin á eftir gildistöku laga nr. 38/1954, að um póstmenn í Reykjavík hafi gilt sömu yfirvinnureglur og um aðra starfsmenn ríkisins. Þeir hafi án nokkurra mótmæla undanfarin 13 ár innt af hendi yfirvinnu í samræmi við reglur 31. gr. laga nr. 38/1954. Þá fram-

kvæmd verði að leggja til grundvallar skýringu á 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963, er tekin hafi verið óbreytt í dóm hans frá 30. nóvember 1965. Skipti eigi hér máli, þótt varnaraðili í kjaradómsmálinu 1963 hafi ranglega talið, að ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 væru þá enn í gildi, því umboðsmaður ríkisins í nefndu máli hafi eigi með málflutningsyfirlýsingu sinni getað skapað gagnaðilja sínum í því máli viðtækari rétt til lausnar frá yfirvinnuskyldu en lögboðin var í 31. gr. laga nr. 38/1954. Kjaradómur hafi eigi heldur haft lagaheimild til þess að fara í dómi sínum út fyrir ákvæði nefndrar greinar og því ekki getað veitt launþegum að þessu leyti annan eða meiri rétt en nefnt lagaákvæði kvað á um, enda verði það eigi heldur ráðið af orðalagi dóms Kjaradóms, að sú hafi verið ætlun hans.

Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að verði lokaákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 1965 skýrð svo, að þau eigi að miðast við 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945, að því er varðar yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík, þá verði þau aðeins talin eiga við um afgreiðslu farandi pósts.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda. Telur hann, auk þess, sem áður er greint, að póstmálastjórnin hafi alla tíð litið svo á, að ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945 væri í gildi, þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 og komi það m. a. fram í því, að hún hafi iðulega leitað samþykkis Póstmannafélags Íslands um afbrigði frá venjulegum vinnutíma. En jafnvel þótt svo yrði litið á, að nefnt reglugerðarákvæði hefði fallið niður við gildistöku laga nr. 38/1954, þá hafi ákvæði laga nr. 55/1962 leitt til þess, að stefnanda hafi verið rétt að semja um yfirvinnuskyldu einstakra starfsmannahópa, þar á meðal póstmanna.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að það skipti nokkru máli fyrir úrlausn þess ágreiningsefnis, sem hér er til úrskurðar, þótt póstmálastjórnin hafi í nokkrum tilvikum leitað samþykkis Póstmannafélags Íslands á afbrigðilegum afgreiðslutíma, því bæði lúti þau tilmæli að öðrum atriðum en þeim, sem hér sé deilt um, og auk þess hefði póststjórnin hvorki getað samið sig undan oftnefndum ákvæðum laga

nr. 38/1954 né heldur þeim reglugerðarákvæðum, sem sett höfðu verið samkvæmt þeim.

#### Viðhorf dómsins.

Í 40. gr. laga nr. 60 frá 12. marz 1945 um laun starfsmanna ríkisins, en þau lög geymdu engin ákvæði um vinnutíma eða laun fyrir yfirvinnu, er svo mælt, að þar til sett hafi verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skuli ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildi í hverri starfsgrein.

Í samræmi við það var hinn 30. júlí s. á. sett reglugerð nr. 137/1945 um starfstíma og starf póstmanna á póststofunni í Reykjavík. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. nefndrar reglugerðar er starfstími póstmanna og bílstjóra ákveðinn 37 klst. á viku með nánari reglum, svo sem málsgrein þessi kveður á um.

Í 2. mgr. sömu greinar er svo mælt, að því er yfirvinnu varðar: „Þó mega póstmenn ekki hætta vinnu að kvöldi fyrr en lokið er afgreiðslu farandi póst, en slík yfirvinna má þó eigi fara fram úr 5 klst. á mann á mánuði, nema þá eftir samkomulagi“. Verður að skilja þetta ákvæði svo, að póstmönnum þeim, er hlut áttu að máli, hafi eigi heldur verið skylt, án sérstaks samkomulags, að vinna fleiri yfirvinnutíma samtals á mánuði hverjum við afgreiðslu farandi póst, en samkvæmt gögnum málsins verður eigi séð, að gerður hafi verið munur á því í framkvæmd, hvort um „farandi“ eða annan póst var að ræða.

Með reglugerð nr. 45/1946, sbr. reglugerð nr. 97/1950, voru settar reglur um almennan vinnutíma starfsmanna á skrifstofum ríkis og ríkisstofnana. Eru í 1. gr. reglugerðarinnar tilgreindir ákveðnir starfshópar, en eigi er þar getið póstmanna. Í 2. gr. segir hins vegar, að vinnutími annarra starfsmanna skuli vera hinn sami og verið hefur, þar til öðruvísi verði ákveðið. Í 5. gr. sömu reglugerðar segir svo: „Ef óhjákvæmileg nauðsyn krefur, skal starfsmönnum skylt að vinna yfirvinnu gegn yfirvinnugreiðslu“.

Eigi er fram komið, að ákvæði þessarar reglugerðar um yfirvinnuskyldu hafi í framkvæmd leitt til breytinga á yfir-

vinnu póstmanna í Reykjavík frá ákvæðum reglugerðar nr. 137 frá 1945.

Árið 1954 voru sett lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38 frá 14. apríl 1954. Samkvæmt 31. gr. laganna er starfsmönnum skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, þó eigi meiri á viku hverri en nemur þriðjungi af lögmaeltum vikulegum vinnutíma. Eigi voru ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 beint numin úr gildi með lögum þessum, en í 10. lið 37. gr. laganna segir, að úr gildi falli „önnur fyrirmæli, sem fara kunní í bág við ákvæði laga þessara“.

Þá er og fram komið, að við afgreiðslu málsins á alþingi var í báðum deildum felld breytingartillaga við 31. gr. þess efnis, að ákvæði reglugerða eða kjarasamninga, sem við gildistöku laganna veittu fyllri rétt en þann, sem kveðið væri á í lögnum, skyldu ekki teljast úr gildi fallin með samþykkt þeirra. Kom það beint fram í umræðum á alþingi, að m. a. væri átt við hið sérstaka yfirvinnuákvæði í reglugerð nr. 137/1945 um póstmenn í Reykjavík.

Þess er áður getið, að í reglugerð nr. 45/1946 voru m. a. settar reglur um yfirvinnuskyldu starfsmanna ríkisins. Í 27. gr. laga nr. 38/1954 er gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð um daglegan vinnutíma og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan hans. Með reglugerð nr. 79/1955 er gerð breyting á 5. gr. reglugerðar nr. 45/1946 um yfirvinnu og þau samræmd ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 og loks eru í 1. grein reglugerðar nr. 143/1958 settar reglur um yfirvinnu, sem eru efnislega samhljóða meginreglu 31. gr. nefndra laga. Í 2. gr. þessarar reglugerðar segir, að heimilt sé að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur, en í engri nefndra reglugerða eru ákvæði reglugerðar nr. 137/1945 beinlinis úr gildi felld.

Þegar lítið er til framangreinds aðdraganda laga nr. 38/1954, skýlausra ákvæða 31. gr. þeirra og annarra atriða, sem til álita koma í því sambandi, verður að telja, að frá gildistöku þeirra hafi póstmenn í Reykjavík orðið að hlíta ákvæðum 31. gr. þeirra um yfirvinnuskyldu og þá einnig að þessu

leyti ákvæðum 1. gr. reglugerða nr. 79/1955 og nr. 143/1958 eftir að þær voru settar. Verður eigi talið, að ákvæði 2. gr. síðarnefndrar reglugerðar frá 1958 haggi skýlausu ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskylduna. Kemur það og heim við þá framkvæmd, að því er varðar yfirvinnu póstmanna, sem tíðkaðist frá því á árinu 1954, en samkvæmt skýrslum um yfirvinnu póstmanna í Reykjavík frá árunum 1954, 1956, 1958, 1960 og 1962 hefur hún hjá öllum þorra póstmanna, sem leyst hafa af hendi slíka vinnu, farið verulega fram úr 5 klst. á mánuði miðað við janúar—nóvembermánuð ár hvert og í desembermánuði einum í flestum tilfellum í miklu ríkara mæli.

Á árinu 1962 koma ný viðhorf til álita. Það ár er með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna horfið til þess fyrirkomulags, að launakjör starfsmanna ríkisins skuli ákveðin með kjarasamningum, 4. gr., eða af Kjaradómi, sem leggur fullnaðarúrlausn á kjaradeilu, 21. gr., ef samningar takast ekki. Í 5. gr. laganna segir, að í kjarasamningi skuli kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu, en kjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaförföllum né annarra friðinda, sem líkt er farið, og samkvæmt 6. gr. skal semja við hlutaðeigandi bandalagsfélög um þau starfskjör, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

Starfsmenn ríkisins, sem falla undir ákvæði laga nr. 38/1954, þar á meðal póstmenn, eru samkvæmt 31. gr. þeirra háðir lögbundinni skyldu til þess að leysa af hendi yfirvinnu með þeim takmörkunum, sem þar greinir, og verða ákvæði laga nr. 55/1962 eigi skýrð á þá lund, að þau hafi í neinu breytt ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954 um yfirvinnuskylduna. Var stefnandi því við þau bundin og gat hann því eigi með samningum samkvæmt 4., 5. og 6. gr. laga nr. 55/1962 eða málflutningsyfirlýsingu fyrir Kjaradómi, samið sig undir frávik frá þeim. Skiptir áðurgreind yfirlýsing hans fyrir Kjaradómi 1963, er stefndi telur að skilja beri á þá lund, að stefnandi viðurkenni sem gild ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 137/1945 um yfirvinnuskyldu póstmanna, eigi

máli. Sömu ásæður leiða til þess, að niðurlagsákvæði 9. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965:

„Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því sem nú er“, verður eigi skýrt á þá lund, að það takmarki almennt yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík við 5 klst. á mann á mánuði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða úrslit málsins þau, að telja verður, að um yfirvinnuskyldu póstmanna í Reykjavík fari almennt eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954, sbr. reglugerð nr. 143/1958 og 1. og 2. málslið 9. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Var ákvörðun stjórnar Póstmannafélags Íslands um að stöðva yfirvinnu dagana 28.—30. nóvember og 8.—22. desember 1966 því ólöglegt.

Hins vegar er það ekki til úrlausnar í þessu máli, hvort einstakir starfsmenn póststofunnar í Reykjavík kunni samkvæmt 15. og 18. gr. laga nr. 38/1954 að hafa viðtækari rétt til undanþágu frá yfirvinnuskyldu þeirri, sem 31. gr. laganna kveður á um, vegna ráðningarsamninga, er gerðir voru fyrir gildistöku nefndra laga.

Stefnandi hefur eigi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Rétt þykir, að hvor aðilja greiði kostnað sinn af máli þessu.

#### Dómsorð:

Um yfirvinnuskyldu póstmanna fer eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38 frá 1954 og 1. og 2. málslið 9. gr. í dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.

Ákvörðun stjórnar Póstmannafélags Íslands um að stöðva yfirvinnu dagana 28.—30. nóvember og 8.—22. desember 1966 og eftirfarandi framkvæmd hennar var ólöglegt.

Hvor aðili greiði sinn kostnað málsins.

---